Neistinn

Fréttabréf styrktarfélags hjartveikra barna. 1. tbl. 8. árg. 2011

Efnisyfirlit

2 Efnisyfirlit og fréttir

3 Pistill formanns

3 Nýja heimasíða Neistans

4 Góðgerðarböll í Grafarvogi

5 Rausnarlegur styrkur

6 Skakkaföll í eignasafni styrktarsjóðs hjartveikra barna

8 Notkun gangráða í börnum og unglingum

12 Lífið breyttist til hins betra

14 María Dís er einstök

18 Fía sól í Þjóðleikhúsinu

21 Jólaball Neistans

22 Neista bingóið.

22 Íbúð í Reykjavík

• Útgefandi: Neistinn – Styrktarfélag hjartveikra barna.
• Ritstjóri: Páll Kristinn Pálsson.
Netfang: pallkristinn@internet.is.
• Ábyrgðarmaður: Guðrún Bergmann Franzdóttir.
• Forsíðumynd: Árni Rúnarsson.
• Umbrot: hskj/Öflun.
• Prentun: Prenttækni ehf.
• Heimilisfang: Síðumúla 6, 108 Reykjavík.
Sími 552-5744, www.neistinn.is - neistinn@neistinn.is.

Fréttir

Jólakort til Neistans

Íslandsstofa hafði 200 þúsund til jólakortakaupa fyrir síðustu jól, en ákvað að sleppa kortunum og láta upphæðina í staðinn renna til Neistans.

Jón Ásbergsson framkvæmdastjóri Íslandsstofu afhendir Guðrúnu Bergmann formanni Neistans gjafabréfið.

Dágóð dagatalasala

Þessi ungi piltur, Ólafur Jóhann Steinsson, tók að sér að selja Dagatal Neistans 2011 - og tókst svona rosalega vel. Heilar 50 þúsund krónur.
Hjartans þakkir Óli!

Pistill formanns

Frá Boston til Lundar

Síðastliðið ár hefur gengið vel hjá Neistanum. Við eigum velunnara úti um allt í samfélaginu og þökkum kærlega fyrir ómetanlegan stuðning á síðasta ári.

Heilmiklar breytingar eru nú orðnar á aðgerðaferli hjartabarnanna okkar. Síðastliðin 17 ár hafa þau farið í aðgerðir vestur um haf til Boston í Bandaríkjunum. Hjartadeildin á barnaspítalanum þar hefur reynst okkur mjög vel, enda hefur spítalinn fengið viðurkenningar sem sá besti á þessu sviði í heiminum í meira en 15 ár. En vegna efnahagsástandsins hér á landi hefur Siglinganefnd Tryggingastofnunar ríkisins ákveðið að senda framvegis hjartabörnin í aðgerðir til Lundar í Svíþjóð. Þó verða sum börn send áfram til Boston og einnig þau sem eru komin eitthvað áleiðis í sínu aðgerðaferli.

Barnaspítalinn í Lundi þykir mjög góður, já reyndar einn sá besti í heimi. Sparnaðurinn við að færa flestar aðgerðir þangað er þónokkur. Aðalatriðið er þó að við getum verið viss um að gæði þjónustunnar verða áfram eins og best verður á kosið. Við höfum nú þegar sent börn þangað í aðgerðir og þær hafa gengið mjög vel.

Eins og margir þekkja var útbúin upplýsingasíða um hjartadeildina í Boston (Hjartagáttin). Reynslan af henni var mjög góð og því hefur stjórn Neistans ákveðið að senda á næstunni út til Lundar þrjá fulltrúa til að afla gagna sem notuð verða til að koma upp sambærilegum upplýsingum um allt sem viðkemur spítalanum og umhverfi hans á Hjartagáttinni.

Hvað félagsstarfinu viðkemur höfum við brallað ýmislegt frá því síðasta blað kom út. Við gáfum út ný jólakort og nýtt dagatal fyrir 2011, sem hefur selst nokkuð vel. Jólaballið okkar var haldið á sama stað og síðast. Það mættu um 100 manns og allir skemmtu sér hið besta. Okkur var boðið aftur í Laugarásbíó, bæði almennum félagsmönnum og unglingahópnum sérstaklega. Erum við afar þakklát eigendum Laugarásbíós fyrir mörg slík boð í gegnum árin. Núna á vordögum vorum við með Bingó þar sem mættu um 80 manns, vinningar voru flottir og sem endranær enduðum við fjörið á pizzuveislu.

Framundan er aðalfundur, ferð í Húsdýragarðinn, sumarhátíð, sérstök skemmtun hjá unglingahópnum og fleira skemmtilegt.

Hjartans kveðjur
Guðrún Bergmann Franzdóttir



Kíktu

við á nýju heimasíðu Neistans!

www.neistinn.is

Góðgerðarböll í Grafarvogi

Í byrjun árs 2010 kom upp sú hugmynd á nemendaráðsfundi Engynjar, sem er ein af félagsmiðstöðunum í Grafarvogi, að efna til fjáröflunar fyrir Neistann. Nemendaráðið stóð fyrir góðgerðarballi fyrir unglinga, síðan héldu þau góðgerðarball fyrir 6-9 ára börn í Engjaskóla og sömuleiðs góðgerðarball fyrir 10-12 ára börn í Engjaskóla. Einnig bakaði nemendaráðið kökur og seldi á kósýkvöldi í félagsmiðstöðinni rétt fyrir jólin. Þau náðu með þessum viðburðum að safna 45.000 krónum fyrir Neistann. Frábærir krakkar sem við sendum frábærar kveðjur!

Fjáröflun í samstarfi við Stauk ber kostnað þessa blaðs.

STAUKUR
SJÁLFSALAR OG LEIKTÆKI

Gott málefni þarfnast fjármagns

Neistinn er styrktarfélag hjartveikra barna og aðstandenda þeirra. Starfsemin gengur bæði út á að veita þeim félagslegan stuðning og fjárhagslega styrki eftir mætti, þar sem langvinn veikindi koma oft verulega niður á fjárhagsafkomu heimilanna.

Fjáröflun er því stór þáttur í starfi Neistans og fer fram með ýmsum hætti. En hægt er að styrkja starfið beint með framlagi á reikning okkar í Landsbankanum. Reikningsnúmerið er 0101-26-4995 og kennitala Neistans 490695-2309 .

Neistinn hefur einnig tekjur af sölu heillaskeyta og minningarkorta, sem afgreidd eru á skrifstofu Hjartaheilla í síma 552 5744.

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

ÖBÍ

maritech
- tryggir þér samkeppnisforskot

Rausnarlegur styrkur

Fyrsta úthlutun úr Líknarsjóði Ögnu og Halldórs Jónssonar fór fram 8. desember síðastliðinn en, þá var félögum og verkefnum tengdum börnum veittir styrkir að upphæð 30 milljónir króna.

Eftirtaldir aðilar hlutu hver um sig 6 milljónir króna:
Umhyggja: Félag til stuðnings langveikum börnum.
Neistinn: Styrktarfélag hjartveikra barna.
Ás styrktarfélag: Sjálfseignarstofnun í þjónustu við fatlaða.

Eftirtaldir aðilar hlutu hver um sig 4 milljónir króna:
Barnagið: Félag foreldra og áhugafólks um geðraskanir barna og unglinga.
Umsjónarfélag einhverfra: Félag sem gætir réttar einhverfra í hvers kyns hagsmunamálum.

Eftirtaldir aðilar hlutu hver um sig 2 milljónir króna:
Foreldrar-meðganga-barn: Verkefni Geðdeildar og Kvenna-og barnasviðs Landsspítalans.
Thorvaldsensjóðurinn: Styrktarsjóður fyrir sykursjúk börn.

Halldór Jónsson fæddist 16. janúar 1916 á Kirkjubæ í Hróarstungu og lést þann 23. febrúar 1977. Agna Guðrún var fædd í Danmörku þann 29. nóvember 1915 og lést þann 24. ágúst 2009. Agna og Halldór stofnuðu fyrirtækið Halldór Jónsson ehf þann 1. febrúar 1955 og fagnar fyrirtækið því 56 ára afmæli á þessu ári.

Agna stofnaði Líknarsjóð Ögnu og Halldórs Jónssonar árið 1982 og átti hann að taka til starfa að henni látinni. Hún ánafnaði sjóðnum allar eigur þeirra hjóna og er hlutverk hans að styrkja hvers konar líknarmál á Íslandi. Stjórn sjóðsins skipa Helgi Jóhannesson, Ingibjörg Magnúsdóttir og Kristján S. Sigmundsson.

Fulltrúar styrkþega og stjórnarmenn líknarsjóðsins við málverk af Ögnu Guðrúnu og Halldóri Jónssyni.

Stilling
Pizzeria Rizzo
actavis hagur í heilsu

Skakkaföll í eignasafni

Jóhann H. Hafstein hdl.

Um haustið 2008 varð Styrktarsjóður hjartveikra barna fyrir alvarlegum skakkaföllum. Ástæðuna er að rekja til rýrnunar á virði eigna sjóðsins sem voru í eignastýringu hjá Landsbanka Íslands. Langstærstur hluti eigna styrktarsjóðsins var í svokölluðum peningamarkaðssjóði Landsbankans. Í kjölfar falls bankans um haustið 2008 var peningamarkaðssjóðnum slitið og eigendum hlutdeildarskírteina, þ.m.t. Styrktarsjóði hjartveikra barna, greitt andvirði hlutdeildar þeirra í sjóðnum sem var 68,8% miðað við síðasta skráða gengi sjóðsins.

Í áðurnefndum samningi um eignastýringu er meðal annars kveðið á um að sú eignastýring, sem bankinn taki að sér, skuli vera í samræmi við þá fjárfestingarstefnu sem styrktarsjóðurinn samþykkir skriflega á hverjum tíma. Með þessu samþykki sínu veitti styrktarsjóðurinn Landsbankanum heimild til að stýra fjármunum sínum innan þeirra frávika sem fram koma í samþykktri fjárfestingastefnu. Helstu atriði hennar eru þau að um langtímafjárfestingu sé að ræða og að aðallega skuli fjárfest í innlendum skuldabréfum. Markmið fjárfestingarstefnunnar var að fjárfesta í öruggum fjármálagerningum með áþekkri áhættutöku og fjárfesting í ríkisskuldabréfum og ná sams konar ávöxtun og slík bréf skila á hverjum tíma.

Mál höfðað

Stjórn Styrktarsjóðs hjartveikra barna tók ákvörðun um að höfða mál á hendur Landsbankanum vegna þess tjóns sem sjóðurinn hafði orðið fyrir. Undirritaður rak það mál fyrir dómstólum. Dómkröfur styrktarsjóðsins voru aðallega reistar á því að fjárstýring Landsbankans hafði verið í ósamræmi við fyrirfram samþykkta fjárfestingarstefnu. Í þeim efnum var aðallega vísað til þess að umsamin og samþykkt fjárfestingarstefna hafði að verulegu leyti tekið mið af ríkisskuldabréfum og ríkisvíxlum með það markmið að leiðarljósi að um langtímafjárfestingu væri að ræða, enda kemur skýrt fram í samningi um eignastýringu að fjárfestingar með fjármuni styrktarsjóðsins skuli vera með áþekkri áhættutöku og ríkisskuldabréf og ríkisvíxlar. Í málinu var byggt á því að með fjárfestingu í peningamarkaðssjóði hafi verið virt að vettugi framangreind ákvæði samningsins um áhættutöku. Þessu til stuðnings vísaði styrktarsjóðurinn til þess að eignasafn peningamarkaðssjóðsins gerði ráð fyrir töluverðri áhættu vegna fjárfestinga í skuldabréfum fyrirtækja og að í eignasafni sjóðsins hafi engin verðbréf verið með ábyrgð ríkis eða sveitarfélaga. Í málatilbúnaði sínum benti styrktarsjóðurinn sérstaklega á að óskiljanlegt sé að Landsbanki Íslands hafi litið svo á að fjárfesting í peningamarkaðssjóði, þar sem undirliggjandi eignir voru meðal annars skuldabréf útgefin af FL Group, Baugi Group, Samson eignarhaldsfélagi, Exista og

Landsbankinn
Reykjavíkurborg
Danfoss

fleiri sambærilegum fyrirtækjum, hafi verið öruggasti fjárfestingarkosturinn og í samræmi við samþykkta fjárfestingarstefnu styrktarsjóðsins.

Vísað frá dómi

Með dómi héraðsdóms Reykjavíkur frá 21. desember 2010, sem staðfestur var af Hæstarétti, var málinu hins vegar vísað frá dómi. Dómurinn var einkum rökstuddur með vísan til þess að í málatilbúnaði styrktarsjóðsins hafi ekki verið skýrt með viðhlítandi hætti hvernig innlausnarverð í peningamarkaðssjóðnum hefði getað haldist óbreytt eftir 6. október 2008 (við fall Landsbankans og lokun sjóðsins fyrir innlausnir) þegar litið er til þess með hvaða hætti sjóðnum (peningamarkaðssjóðnum) var heimilt að fjárfesta eða þegar litið er til þeirra tegunda krafna, sem peningamarkaðssjóðnum var heimilt að eignast samkvæmt fjárfestingarstefnu sinni.

Þegar þessi grein er rituð hefur ekki verið tekin ákvörðun um nýja málshöfðun. Umræddu dómsmáli var vísað frá dómi vegna formgalla í málatilbúnaði. Við þeirri spurningu, hvort það samrýmdist eignastýringarsamningi milli styrktarsjóðins og Landsbankans að fjárfesta í peningamarkaðssjóði bankans, hefur því ekki fengist efnisleg niðurstaða. Með hliðsjón af forsendum dómsins er hins vegar ljóst að örðugt er að setja fram kröfugerð og fullnægja eðlilegum kröfum um sönnun tjóns þannig að niðurstaða fáist varðandi framangreinda spurningu.

Jóhann H. Hafstein hdl.

.....Neistinn þakkar fyrir stuðninginn

Reykjavík
101 Hárhönnun
16 ehf. v/ Monte Carlo veitingastaður
1912 ehf.
2001 ehf.
AB Varahlutir ehf.
Aðalvík ehf.
Afltækni ehf.
AH Lögmenn ehf.
Allrahanda ehf.
Allt fínt ehf.
Alþýðusamband Íslands
Antikhúsið ehf
Antikmunir
Apparat ehf.
Arev verðbréfafyrirtæki hf.
Arkinn ehf. ráðgjöf og hönnun
Athygli ehf.
Auglýsingastofan ENNEMM ehf.
Auglýsingastofan Hvíta húsið ehf.
Auglýsingastofan Korter
Austur Indíafélagið
Avis-Budget
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.
Álfabjarg ehf.
Árbæjarapótek ehf.
Árni Reynisson ehf.
Ás Styrktarfélag
Ásbjörn Ólafsson ehf.
B.J. Endurskoðunarstofa hf.
B.K. flutningar ehf.
B.S. smíði ehf.
Babysam Skeifunni 8
Bakkavör Group hf.
Bakkus ehf.
Bakverk-Heildsala ehf.
Balance ehf.
Balletskóli Sigríðar Ármann ehf.
Bandalag kvenna í Reykjavík v/ Hallveigarstíg
Barnalæknaþjónustan ehf.
Barnatannlæknastofan ehf.
Bernhöftsbakarí ehf.
Bifreiðastjórafélagið Frami
Bifreiðaverkstæði Grafarvogs ehf.
Bílaiðn ehf. - Bílarétting og Sprautun
Bílamálun Halldórs Þ. Nikulássonar sf
Bílamálun Sigursveins Sigurðssonar
Bílasala Íslands
Bílasalan .is
Bílasmiðurinn hf.
Bílaverkstæði Jóns T. Harðarssonar
Björninn innréttingar ehf.
Blaðamannafélag Íslands
Blái Turninn
Blindrafélagið
Blómagalleríið ehf.
Booztbar/Ísbar
Borgarbókasafn Reykjavíkur
Borgarpylsur
Bókbandsstofan E.S. ehf.
Bókhaldsþjónusta Arnar Ingólfssonar ehf.
Bólstrarinn
Bólsturverk sf.
Bón-Fús
Brauðhúsið ehf.
Brim hf.
Brynja ehf. verslun
BSR ehf.
BSRB
Búseti
Cetus ehf
Columbus Classis ehf.
Comfort Snyrtistofa ehf.
Congress Reykjavík, ráðstefnuþjónusta
Dalbær sf.
Danica sjávarafurðir ehf.
Dansskóli Jóns Péturs og Köru sf.
Deli ehf.
DFK Endurskoðun ehf.
Dúkarinn Óli Már - S: 699 4418
Dúndur ehf. - Ferðasidkotek/karaoke
Dvalar og hjúkrunarheimilið Grund
Dýraspítalinn í Víðidal ehf.
Dýrheimar sf. Royal Canin
E. Ólafsson ehf.
Efling stéttarfélag
Efnalaugin Perlan ehf.
Eggert Kristjánsson hf.
Eiðfaxi ehf.
Eignamiðlunin ehf.
Endurskoðun og reikningsskil hf.
Endurvinnslan hf.
Erluís
Ernst & Young
Esja Kjötvinnsla ehf.
Exís ehf.
eXtra Lagnir ehf.
F&F Kort ehf.
Farmanna- og fiskimanna-samband Íslands
Fasteignakaup ehf.
Fasteignasalan Garður
Faxaflóahafnir
Felgur-smiðja ehf.
Ferðafélag Íslands - Ferðafélag barnanna
Félag bókagerðarmanna
Félag eggjaframleiðenda
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
Félag íslenskra hljómlistarmanna
Félag Skipstjórnarmanna
Félagsbústaðir hf.
Fjallabílar - Stál og stansar ehf.
Fjölbrautaskólinn Breiðholti
Fótaaðgerðastofa Reykjavíkur ehf.
Fótoval ehf.
Fraktflutningar ehf.
Frumherji hf.
Fræðslumiðstöð ÖÍ
Fröken Júlía ehf.
Fulltingi ehf. -Slysa og skaðabótamál
Fönix ehf.
G.Á. húsgögn ehf.
G.B. Tjónaviðgerðir ehf.
G.S. Export ehf.
Gallabuxnabúðin - Kringlunni
Garðmenn ehf.
Garðsapótek
Garðtækni sf.
Garri ehf.
Gátun ehf.
Geiri ehf.
GG - Optik ehf.
GHP Lögmannsstofa
Gilbert úrsmiður Laugavegi 62
Gissur og Pálmi ehf.
Gistihúsið Ísafold
Gjögur hf.
GLÁMA / KÍM Arkitektar ehf.
Gleraugnasmiðjan ehf.
Gleraugnaverslunin Sjón ehf.
Glóbus hf.
Glóey hf.
Glófaxi ehf. blikksmiðja
Gluggasmiðjan ehf.
Grandakaffi ehf.
Greining og ráðgjöf ehf.
Gró ehf.
Guðmundur Arason ehf. Smiðjujárn
Guðmundur Jónasson ehf.
Gullkistan
Gullkúnst Helgu S: 561 6660
Gullsmiðurinn í Mjódd
Gullsmíðaverkstæði Hjálmars Torfasonar
Gústaf Þór Tryggvason hrl.
H og S byggingaverktakar ehf.

Office1

HJARTAVERND

Arion banki

Notkun gangráða í

Notkun gangráða við hægum hjartslætti hjá börnum og unglingum er fremur sjaldgæf en hefur þó aðeins færst í vöxt hérlendis á undanförnum áratug. Níu einstaklingar undir 18 ára hafa verið í eftirliti á göngudeild gangráða og bjargráða á Landspítala á undanförnum árum. Neistinn ræddi við Davíð O. Arnar yfirlækni á hjartadeild Landspítala um helstu ástæður fyrir notkun gangráða og hvernig slík tæki virka.

Við byrjuðum á því að biðja Davíð að útskýra hvað stýrir hraða hjartsláttar?

„Hjartað er að mestu leyti vöðvi sem hefur það hlutverk að dragast saman og dæla blóði, annars vegar til lungna til að taka upp súrefni og hins vegar til ósæðar sem dreifir síðan súrefnisríku blóðinu um líkamann. Í hjartanu er fjöldinn allur af hjartavöðvafrumum sem þurfa að dragast saman á samhæfðan hátt. Fyrir hvern samdrátt fá þessar frumur boð um slíkt í formi rafbylgju sem fer um hjartað. Rafbylgjan byrjar alla jafna í svokölluðum sínushnúti sem er staðsettur ofarlega í hægra efra hólfinu. Þaðan fer rafbylgjan um gáttirnar og síðan milli gátta og slegla um sérstaka rás (AV hnútur) áður en hún dreifist til neðri hólfa eftir sérhæfðu leiðslukerfi (His-Purkinje kerfið). Þannig hefur hjartað sérstakt rafkerfi sem sér um að stýra því að hjartað dragist saman. Verði truflun á þessum rafboðum getur það leitt til þess að hjartslátturinn verði mjög hægur og að það blóðmagn sem hjartað dælir út á mínútu verði ófullnægjandi til að sinna þörfum líkamans. Sínushnútur hjartans stýrir því einnig hversu hratt hjartað slær og fær skilaboð frá ósjálfráða taugakerfinu um hver þörfin sé hverju sinni. Undir venjulegum kringumstæðum slær hjartað hjá fullorðnum um 60-80 slög á mínútu, en oft talsvert hraðar hjá börnum. Við álag eykst hjartsláttarhraði en við hvíld og svefn getur dregið verulega úr honum. Ef hjartsláttur er of hægur, langar eyður í hjartslætti eða hjartsláttur hraðar ekki á sér við áreynslu, kann að vera þörf á gangráðsísetningu.“

Davíð O. Arnar, sérfræðingur í lyflækningum og hjartasjúkdómum

Mynd 1. Gangráður og leiðsla.
Í gangráðinum eru rafhlaða og tölva sem sér um að vinna úr boðum sem berast stöðugt frá hjarta og ákveða hvort viðbragða er þörf.

Gangráður

Hvað er gangráður?

„Gangráður er tæki sem notað er til grípa inn í og örva hjartslátt þegar þess gerist þörf. Gangráður samanstendur af rafhlöðu og tölvu (mynd 1) sem vinnur úr þeim

Logaland Lækningatæki
PRENTSMIÐJAN VIÐEY
Sími 577 4646 - videy@videy.is
Lyfjaval APÓTEK
FAGLEG, TRAUST OG PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA

Viðtal:
Páll Kristinn Pálsson

upplýsingum sem berast stöðugt frá hjartanu og ákveður hvort gefa á sérstaka rafpúlsa til að örva hjartsláttinn og hvetja til samdráttar í hjartavöðvanum. Gangráðurinn tengist hjartanu með leiðslu sem fer eftir bláæð til hægri hluta hjartans (mynd 2). Gangráðar hafa orðið minni og minni með árunum og fer orðið frekar lítið fyrir þeim, miðað við það sem áður var. Misjafnt er hvort settar eru ein eða tvær leiðslur til hjartans en ef tvær eru notaðar er önnur í efra hólfinu og hin í neðra hólfinu. Oftast nær er gangráðinum sjálfum komið fyrir undir húð ofarlega á brjóstkassa með einfaldri aðgerð. Aðgerðin tekur milli 30 og 60 mínútur. Til að fyrirbyggja sýkingu eru gefin sýklalyf í æð fyrir og eftir aðgerðina.

Endingartími rafhlöðunnar er yfirleitt á bilinu 7 til 10 ár eftir því hversu mikið gangráðurinn er notaður. Ekki er mögulegt að skipta um rafhlöðuna eina og sér og þar af leiðandi þarf að skipta út gangráðinum sjálfum ef til þess kemur. Gangráðurinn fylgist stöðugt með hjartslætti og gefur frá sér rafpúls ef hjartslátturinn fer niður fyrir ákveðið gildi, til dæmis 60 slög á mínútu. Mögulegt er breyta gangráðstillingum með sérstakri gangráðstölvu, sem er eins og stór fartölva, og vendi sem lagður er á húð yfir gangráðsstað. Þetta kerfi er jafnframt notað til að fylgjast með því að starfsemi gangráðsins sé eðlileg en slíkt eftirlit fer alla jafna fram á 6-12 mánaða fresti.



Mynd 2.
Gangráðinum er komið fyrir undir húð á brjóstkassa og frá honum liggja tvær leiðslur til hjarta, önnur til hægri gáttar og hin til hægri slegils.

Gangráðstæknin er orðin talsvert þróuð og getur örvunarhraði gangráðsins verið breytilegur eftir virkni sjúklings. Sérstakir nemar í gangráðsboxinu sjálfu örvast við hreyfingu sem leiðir til aukningar á örvunarhraða. Þetta hefur bætt lífsgæði gangráðsþega verulega.“

Ekki eins hjá ungum og gömlum

Hverjir þurfa helst gangráð?

„Gangráðar eru aðallega notaðir af eldra fólki. Algengustu ástæðurnar fyrir gangráðsígræðslu eru vandamál í sínushnút (sjúkur sínushnútur) sem lýsir sér sem of hægur púls eða eyður í hjartslætti. Önnur algeng ástæða er leiðslurof milli efri og neðri hólfa hjartans. Þetta stafar alla jafna af aldurstengdri hrörnun í leiðslukerfi hjartans, áunnum sjúkdómum eins og kransæðasjúkdómi eða lyfjum. Þessi vandamál geta valdið einkennum eins og svima, yfirliði, þreytu og úthaldsskeðringu.

Hérlendis eru tæplega 300 gangráðsaðgerðir árlega. Það kemur fyrir að nota þurfi gangráða hjá börnum eða unglingum og eru nokkur dæmi um slíkt hérlendis. Orsakir fyrir gangráðsísetningu hjá yngra fólki eru yfirleitt aðrar en hjá þeim sem eldri eru. Meðfæddir gallar í leiðslukerfi og afleiðingar viðgerða á vissum meðfædum hjartagöllum eru algengustu ástæðurnar.

Það er gaman frá því að segja að við höfum, í samvinnu við Íslenska erfðagreiningu, verið að rannsaka

www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI
SORPA
Flokkum og skilum
20
1991–2011
BT

.....Neistinn þakkar fyrir stuðninginn

Reykjavík
Haagensen ehf.
Hafgæði sf.
Hagbót ehf.
Hagi ehf.
Hallargarðurinn ehf.
Halldór Jónsson ehf.
Hamborgarabúllan
Hamraskóli Grafarvogi
Harka ehf.
Haukur Þorsteinsson tannlæknir
Hár ehf.
Hárfinnur ehf.
Hárgreiðslustofa Helenu og Stubbalubbar
Hárgreiðslustofa Hrafnhildar
Hárgreiðslustofa Rögnu
Hárgreiðslustofan Capilli
Hárgreiðslustofan Díva
Hárgreiðslustofan Effect
Hárgreiðslustofan Evita
Hárgreiðslustofan Greiðan ehf
Hárgreiðslustofan Hármiðstöðin
Hársaga Radison SAS
Hársnyrtistofa Dóra
Hársnyrtistofan Höfuðlausnir sf.
Heilsubrunnurinn ehf.
Henson hf.
Hjartarbúð
Hjá Dóra ehf. - Matsala í Mjóddinni
Hjá Jóa Fel.
Hjálpræðisherinn á Íslandi
Hjólastillingar ehf.
Hjólbarðaverkstæði Sigurjóns ehf.
Hollt og Gott ehf.
Hópferðaþjónusta Reykjavíkur
Hótel Cabin ehf.
Hótel Frón
Hrafnhildur Sigurðardóttir ehf.
Hreinsibílar ehf.
Hreinsitækni ehf.
Hreyfill
Hreyfimyndasmiðjan ehf.
Hreyfing - heilsurækt - Framvörður ehf.
Hreysti ehf.
Hringrás hf.
Hrói Höttur - Hringbraut 119
HU - Vegamót
Hugmót ehf.
Húsalagnir ehf.
Húsasmiðurinn ehf.
Hylling ehf. v/Tískuverslunin Brim
Höfðakaffi ehf. i 8 gallerí
Iceland Seafood ehf.
Icelandair Cargo hf.
Icelandic Group
Iðjuþjálfafélag Íslands
Iðntré ehf.
Innco ehf.
Innnes ehf.
Isoft á Íslandi ehf.
Ísbúð Vesturbæjar ehf.
Ísgraf ehf.
Íslandspóstur hf.
Íslandsstofa
Íslensk endurskoðun ehf.
Íslensk getspá
Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf.
Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík
J.S. Gunnarsson hf.
Jarteikn ehf.
JBS ehf. - Nonnabiti
Jens Guðjónsson hf.
JGG ehf.
Jón Ásbjörnsson hf. heildverslun
Jón Egilsson lögmannsstofa
Jón Sigmundsson Skartgripaverslun hf.
Jónatansson & Co. Lögfræðiskrifstofa ehf.
K. Pétursson ehf.
K.H.G. þjónustan ehf.
Kaffi Paris
KAFFI ROMA
Kaffi Sólon
Karl K. Karlsson hf.
Kaþólska kirkjan á Íslandi
Kemi ehf. - www.kemi.is
Kemis ehf.
Kjöthöllin Skipholti 70 ehf.
Klif hf.
Knattspyrnusamband Íslands
KOM Almannatengsl
Kórall sf.
Kr. St. lögmannsstofa ehf.
Kr. Þorvaldsson
Krydd og Kavíar ehf.
Kúlan söluturn, vidoleiga og ísbúð
Kvikk þjónustan ehf.
Kvikmyndafélag Íslands
Kælitækni
Lagnalagerinn ehf.
Landhelgisgæsla Íslands
Landsnet hf.
Landssamband hestamannafélaga Laugardal
Landssamband kúabænda
Laura Ashley Ísland ehf.
Leðurverkstæðið sf.
Leiðtogaþjálfun ehf.
Leikskólinn Fellaborg, Völvaborg
Leikskólinn Holt
Leikskólinn Holtaborg
Lindin, kristið útvarp Fm:102,9
Litir og föndur - Handlist ehf.
Litla bílasalan ehf.
Lífland
Lífstykkjabúðin ehf.
Ljósin ehf.
Ljósmyndastofa Gunnars Ingimarssonar
Ljósmyndir Rutar
Loftlínur ehf, jarðverktaki
Loftstokkahreinsun ehf. S: 893 3397
LP-Verk ehf. - Byggingafélga
Lúmex ehf.
Lýsing hf.
Lögfræðiþjónusta Sigurðar Sigurjónssonar hrl.
Löggarður ehf.
Lögmannsstofa Jóns G. Briem hrl.
Lögmannsstofa Ólafs G. Gústafssonar
Lögmenn Höfðabakka ehf.
Lögmenn Laugardal ehf.
Lögmenn Lögsýn ehf.
Lögreglufélag Reykjavíkur
Löndun ehf.
Magnús og Steingrímur ehf.
Mannvit verkfræðistofa ehf.
Margt smátt ehf.
Markaðsráð kindakjöts
Martec ehf. - Fiskvinnsluvélar
Málarameistarar ehf.
Málarasmiðjan ehf.
Málþing ehf.
MD Vélar ehf.
Mekka Wines & Spirits hf.
Melabúðin ehf.
Melaskóli
Mennta- og Menningarmálaráðuneytið
Menntaskólinn í Reykjavík
Merkismenn ehf.
Meyjarnar - Kvenfataverslun
Minjavernd
Motus ehf.
MS Ármann Skipamiðlun ehf.
Múli ehf.
Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur
Nautica ehf.
Náttúrulækningabúðin hf.
NDL ehf.
Neyðarþjónustan ehf.
Nói Sirius hf.
Nýherji hf.
Nýi tónlistarskólinn.
Nýi ökuskólinn ehf.
Nýja kökuhúsið Kringlunni
Olíudreifing ehf.
Opin kerfi ehf.
Orka ehf.
Orkuvirki ehf.
Ottó auglýsingastofa ehf.
Ó. Johnsson & Kaaber ehf.
Ólafur Loftsson
Ólafur Þorsteinsson ehf.
Ósal ehf.
Papyrus-innrömmun ehf.
Parlogis hf.
Passion Reykjavík
Penna ehf.
Pétur Stefánsson ehf.
PG Þjónusta ehf.
Pipar og salt
Pixel Prentþjónusta ehf.
Pípulagnaverktakar ehf.
Portfarma ehf.
Potturinn og pannan - Þríeining ehf.
Prentlausnir ehf.
Prikið
R.J. Verkfræðingar ehf.
Rafco ehf.
Rafeindastofan Sónn ehf.
Rafey ehf.
Rafha ehf.
Rafiðnaðarskólinn ehf.
Raflögn ehf.
Rafsvið sf.
Raftíðni ehf.
Rafþjónustan
Raförninn ehf.
Rakarastofan sf.
Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði H.Í.
RARIK hf.
Ráðgjafar ehf.
Reiknistofa bankanna
Reikniver ehf.
Reimaþjónustan - Reimar og Bönd ehf.
Rekstrarfélagið Kringlan
Réttarholtsskóli
Réttingaverk ehf.
Réttingaverkstæði Bjarna Gunn ehf.
Réttur ehf. - Adalsteinsson & Partners
Rolf Johansen & co. ehf.
Rossopomodoro veitingastaður
Rotary-umdæmið á Íslandi
S.B.S. innréttingar
S.Í.B.S.
Safalinn
Samhjálp félagasamtök
Samiðn ehf.
Securitas hf.
Sena ehf.
SFR - Stéttarfélag í almannaþjónustu
Shalimar
Signatures of nature ehf.
Sigurborg ehf.
Sigurður Hauksson
Sigurður L. Viggósson Tannlæknir
Sigurjónsson & Thor ehf.
Sigurnes hf.
Sigurraf ehf.
Síma- og tölvulagnir ehf.
Sjálfsbjörg Landssamband Fatlaðra
Sjálfstæðisflokkurinn
Sjómannafélag Íslands
Sjúkraþjálfun Grafarvogs
Sjúkraþjálfunarstöð Önnu K. Ottesen
Skaftfell ehf.
Skarthúsið
Skattur og bókhald
Skerjaver ehf.
Skolphreinsun Ásgeirs
Skorri ehf.
Skóverslunin Bossanova hf.
Skrá ehf.
Slökkviliið Höfuðborgarsvæðisins
SM Kvótaþing ehf.
Smith & Norland hf.
Smíðaþjónustan ehf.
Snyrtistofan Ársól í Grímsbæ
Snæland Grímsson ehf. Hópferðabílar
Sportbarinn ehf.
Sprinkler-pípulagnir ehf.
Stansverk ehf.
Stjórnhættir ehf.
Stjörnuspekistöðin
Stólpi ehf.
Suzuki bílar hf.
Svanur Ingimundarson Málarameistari
Svipmyndir
SVÞ - Samtök verslunar og þjónustu
Sýningakerfi ehf.
Söluturninn Drekinn
T.G. Hanesn ehf.
Tandur hf.
Tannlæknar Mjódd
Tannlæknastofa Sigurðar Rósarsonar
Tannlæknastofa Björns Þorvaldssonar
Tannlæknastofa Jón Birgis Baldurssonar
Tannlæknastofan Glæsibæ
Tannlækningastofa Friðleifs Stefánssonar
Tannréttingar sf.
Tannsmíðastofa Kristins Sigmarssonar
Tannsteini ehf.
TGM Ráðgjöf

Drangey
Smáralind
www.drangey.is

NORFISH LTD
ICELAND
For Best Quality

SÓLSTEINAR

erfðafræði sjúks sínushnúts sem er algengasta ástæðan fyrir gangráðsísetningu. Við fundum sjaldgæfan erfðabreytileika sem er í svokölluðu MYH6 geni á litningi 14 sem eykur áhættuna á þessum sjúkdómi um 50%. Flestir þessa sjúklinga þurftu gangráð. Þessar niðurstöður hafa vakið verulega athygli og birtust nýlega í hina virta tímariti Nature Genetics.“

Forðast segulsvið

Hvað þarf að varast með gangráð?

„Alla jafna geta þeir sem hafa gangráð lifað nokkurn veginn eðlilegu lífi. Þó eru vissir hlutir sem þarf að varast og taka þarf sérstakt tillit til nokkurra þátta til viðbótar hjá þeim sem hafa gangráð. Ráðlagt er að forðast sterk segulsvið og fram til þessa hafa gangráðsþegar til dæmis ekki mátt fara í rannsókn sem kallast segulómun. Venjuleg heimilistæki, eins og örbyglgjuofnar, trufla gangráða ekki. Óhætt er að nota GSM síma, en forðast ætti að geyma þá í fatavasa yfir gangráðinum og helst ætti að nota gagnstætt eyra þegar þeir eru í notkun. Þá er þeim sem hafa gangráð og ferðast milli landa ráðlagt að fara ekki í gegnum hefðbundin vopnaleitarhlið en gefa sig fram til sérskoðunar. Hættan á að hliðin trufli gangráðinn er lítil en hins vegar skynjar vopnaleitarbúnaðurin gangráðinn. Þeir sem nota gangráð fá sérstakt kort sem þeir bera á sér til staðfestingar. Þjófavarnarhlið í verslunum geta truflað gangráða, sér í lagi ef stoppað er í hliðinu og er því ráðlegt að ganga rösklega gegnum þau.

Það er í góðu lagi að stunda flestar íþróttir, þó einstaklingar hafi gangráð. Þó er einstaklingum síður ráðlagt að stunda íþróttir sem fela í sér mikil átök eins og handknattleik og jafnvel knattspyrnu. Undir slíkum kringumstæðum geta átök eða byltur jafnvel leitt til skemmda á gangráðinum og leiðslum. Þetta á kannski sér í lagi við um þá sem eru algerlega háðir gangráðinum og hafa litla eða enga eigin hjartastarfsemi ef hann starfar ekki rétt. Oft er erfitt að takmarka athafnagleði allra yngstu gangráðsþeganna og verður að vega slíkt og meta í hverju tilfelli. Þeim sem hafa bjargráð er ráðlagt frá því að stunda keppnisíþróttir sem og greinar þar sem átök og byltur eru algengar vegna hættu á skemmdum á tækinu.“

Bjargráður

Það er einnig til tæki sem kallast bjargráður; hver er munurinn á því og gangráði?

„Bjargráður hefur alla eiginleika gangráðs en að auki getur hann skynjað of hraðan hjartslátt í neðri hólfum hjartans, svokallaðan sleglahraðtakt, og brugðist við honum með sérstakri gangráðsörvun eða jafnvel með því að gefa rafstuð. Vissar tegundir sleglahraðtakts geta orsakað hjartastopp og því verið hættulegar. Bjargráður er því fyrst og fremst notaður til að meðhöndla of hraðan púls, þá nær eingöngu hjá þeim sem ýmist hafa fengið sleglahraðtakt eða eru í aukinni hættu á að fá slíkt. Bjargráðurinn er aðeins stærri en gangráður og aðgerðin til að koma honum fyrir er ögn flóknari. Eins og með gangráð er bjargráður mun oftar notaður hjá eldri einstaklingum en fyrir kemur að ábending sé til ísetningar á slíku tæki hjá börnum og unglingum.“

Amtmannsstíg 1 • 101 Reykjavík • Tel: +354 561 3303 • www.humarhusid@humarhusid.is

HS ORKA HF

ISNIC

Lífið breyttist til h

Aron Ingi Sigurðsson fæddist með stóru hjartaæðarnar víxlaðar (e. transposition). Strax eftir fæðingu þurfti aðgerð til að blanda blóðinu svo hann myndi lifa af. Síðan fór hann í aðgerð í London til að leiðrétta blóðstreymið. Alls hefur hann farið í þrjár aðgerðir. Við hittum Aron og móður hans, Hafdísi H. Ingimundardóttur, til að ræða reynslu hans af því að nota gangráð.

Hafdís: „Aron var tíu vikna gamall þegar hann fór í fyrstu aðgerðina í London. Við vorum þar í þrjár vikur og þegar heim var komið var hann með hjartsláttaróreglu. Gollurshúsið fylltist alltaf af vökva, þannig að hann var á þeim tíma mikið á Landspítalanum þar sem vökvanum var tappað af. Síðan fór hann aftur fjögurra mánaða gamall í aðra aðgerð í London, þar sem þetta var lagað, og allt leit rosalega vel út. Nema þegar Aron er orðinn tveggja ára fer aftur að bera á hjartsláttaróreglu. Það gerðist í nokkur skipti að sveiflurnar urðu svo stórar að hjartað fór alveg upp í 200 slög á mínútu og þurfti rafstuð til að ná þeim niður aftur, en það kallast „vending“.

Svo lentum við í bílslysi og þá gerðist þetta aftur. Aron var undir reglulegu og góðu eftirliti og um átta ára aldur var staðan orðin þannig að hann var kominn ýmist með alltof hraðan eða alltof hægan hjartslátt, rokkaði frá 20 slögum á nóttinni, sem var auðvitað ekki neitt, og upp í 200 við áreynslu á daginn. Þá fór hann í aðgerð úti í Boston til að laga sveiflurnar, og þá var settur í hann gangráður og ein æð víkkuð. Þetta var nokkuð stór aðgerð, en allt gekk vel og síðan er hann búinn að vera nokkuð flottur.“

Eðlilegur sláttur

Hvernig manstu eftir þessu sjálfur, Aron?

Aron: „Ég man ekki mikið eftir þessu sjálfur. Man bara eftir mér liggjandi í sjúkrarúminu og lítið annað.“

Í hverju fólst breytingin sem gangráðurinn olli?

Hafdís: „Breytingin var aðallega sú að Aron hafði alltaf verið talsvert þreyttur vegna hins óreglulega hjartsláttar. Hann hafði lítið úthald, en þegar þessi hægi hjartsláttur hættir þá hvarf þessi þreyta líka. Hjartslátturinn á nóttinni fór að verða 60 - 70, sem er alveg eðlilegur sláttur svo að súrefnisflæðið varð miklu miklu betra. Hraði hjartslátturinn hætti líka alveg, og það hefur ekki borið á honum síðan. Svo það er óhætt að segja að líf Arons, og þar með fjölskyldunnar, breyttist þarna algjörlega til hins betra. Bæði hann sjálfur og við urðum öruggari með ástandið og öllum leið betur.“

Hvernig hefur þróunin verið síðan?

Hafdís: „Þetta hefur gengið rosalega vel. Aron hefur einu sinni farið í litla aðgerð þar sem skipt var um batterí í gangráðinum, enda gert á 8 – 10 ára fresti, og það eru sex ár núna þangað til það gerist næst. Hann er síðan undir reglulegu eftirliti, fer tvisvar á ári í gangráðseftirlit, og tvisvar á ári í almennt eftirlit.“

Berst aldrei

Hvernig upplifir þú Aron að vera með gangráðinn? Fylgja því til dæmis einhver óþægindi?

Aron: „Ég hef eiginlega aldrei fundið fyrir

ins betra

Viðtal:
Páll Kristinn Pálsson

honum. Einu sinni fann ég hann rekast í rifbein, en því fylgdu hvorki óþægindi né sársauki.“

Hvað með álag, til dæmis æfir þú taekwondo – er það ekkert hættulegt? Þarftu ekki stöðugt að passa þig meira en aðrir sem ekki eru með gangráð?

Aron: „Nei, ég er bara eins og hinir. Reyndar er ég ekki í bardögum þar. Taekwondo skiptist í tvær deildir, Sparring sem snýst um að berjast og Poomse sem snýst um að sýna tæknilega færni og maður berst aldrei við neinn. Ég er í Poomse og mundi sennilega ekki þola að stunda Sparring.“

Hafdís: „Það er ekki mikið mál að vera með gangráð. Það þarf auðvitað að fylgjast með þessu. Og þegar við förum til útlanda fer hann ekki í gegnum vopnaleitarhliðið, og hefur vottorð upp á það í vegabréfinu.“

Hvað með aðra hluti í umhverfinu; er eitthvað sem gangráðurinn hefur áhrif á eða eitthvað sem hefur áhrif á hann, svo sem segulstál?

Hafdís: „Já, það eru einhverjir hlutir sem hafa áhrif, en þá þarf Aron að fara mjög nálægt þeim. En það er ekkert sem hann umgengst dags daglega.“

Aron: „Ég fékk einhvern tíma að skoða málmleitartæki og það pípti stöðugt þegar ég hélt á því.“

Er ekki hætta á því að gangráðurinn stoppi og allt fari í voða?

Hafdís: „Nei, þótt hann stoppaði þá ylli það engri bráðahættu. Gangráðurinn er fyrst og fremst stoðtæki, hann er ekki hjartað sjálft.“

Hefur þér þá aldrei fundist þú öðruvísi en aðrir krakkar af því þú notar gangráð?

Aron: „Nei. Mér fannst reyndar dálítið óþægilegt að fara í sund og svona fyrst eftir aðgerðina, en það var vegna þess að ég er með ör eftir skurðaðgerðirnar. En svo hætti ég alveg að spá í það.“

Neistinn og Norrænu sumarbúðirnar

Hafdís: „Norrænu sumarbúðirnar hjá Neistanum breyttu því öllu.“

Já, þú hefur farið nokkrum sinnum í þær.

Aron: „Já, fjórum sinnum, til allra landanna nema Svíþjóðar. Núna er ég orðinn 18 ára og þar með of gamall til að fara í þessar sumarbúðir.“

Þú hefur verið mjög virkur í því starfi sem Neistinn býður upp á fyrir börn og unglinga með meðfædda hjartagalla.

Aron: „Já, það hefur verið fínt. Mér finnst Neistinn hafa gert mjög mikið fyrir mig. Ég hef eignast þar marga góða vini, til dæmis Birki Árnason, sem hefur farið með mér í sumarbúðirnar. Hann er núna einn besti vinur minn, bæði innan og utan Neistans.“

Hafdís: „Fyrst eftir að Aron fékk gangráðinn var þetta feimnismál fyrir hann. Það mátti helst ekki tala um hann og alls ekki segja öðrum frá honum í óspurðum fréttum. Þetta var sem sé mjög viðkvæmt allt saman. Svo kom hann úr fyrstu norrænu sumarbúðaferðinni, sem var til Finnlands árið 2006, þá hafði hann hitt strák sem var líka með gangráð og eftir það hætti þetta að vera feimnismál. Þetta var bara orðinn eðlilegur hlutur í hans augum og allt í lagi að tala um að hann notaði gangráð.“

Er þá enginn af þínum félögum í Neistanum með gangráð?

Aron: „Nei, ég er sá eini í unglingahópnum. Ég veit ekki með yngri krakkana.“

Aron stundar núna nám í tækniteiknun í Tækniskólanum, vinnur á hjúkrunarheimili aðra hverja helgi og stefnir á svarta beltið í taekwondo á sumri komanda.

María Dís *er* einstök

Viðtal:
Páll Kristinn Pálsson

Hjónin Fríða Björk Arnardóttir og Gunnar Geir Gunnarsson urðu fyrir miklu áfalli árið 2008, þegar fóstur sem hún gekk með greindist með alvarlegan hjartagalla við 20 vikna sónarskoðun. Í fyrstu var talið að um væri að ræða svokallað HLHS, eða vanþroskaðan vinstri slegil. Síðan kom reyndar í ljós að hann þroskaðist á meðgöngunni en að sleglarnir störfuðu í kross, sem þýddi að hinar tvær meginhringrásir blóðsins væru aðskildar – og þar með að súrefni frá lungunum myndi þá ekki berast út um líkamann eftir fæðingu.

